



# Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

## Ársskýrsla 2012

Ólafur H. Sigurjónsson  
Skólameistari



### Efnisyfirlit:

Inngangur.....	bls 1
Nemendur.....	bls 2
Námið.....	bls 3
Kennsla og stjórnun.....	bls 3
Rekstur og fjármál.....	bls 4
Samstarf ofl.....	bls 5
Talnaefni.....	bls 6

#### 1. Inngangur.

Ársskýrsla Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum (FÍV) greinir frá helstu þáttum skólastarfsins á árinu 2012. Í heild sinni hefur skólastarfið gengið vel, þrátt fyrir naumt skammtað rekstrarfé. Starfsfólk og nemendur eru ánægð og bæjarbúar eru sáttir með skólann og námsframboð hans. Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu [www.fiv.is](http://www.fiv.is) Hér að neðan er:

##### „Prófill fyrir FÍV árið 2012“:

**Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:** Húsnaði skólans er 3170 m<sup>2</sup>. Á vorönn voru nemendur 240, en 265 á haustönn. Starfsmenn voru að jafnaði 39, í 30,5 stöðugildum.

**Námsframboð:** Skólinn býður nám til stúdentsprófs á fimm brautum, náttúrufræðibraut og félagsfræðibraut eru fjölmennustar með 60% nemenda, almenn braut er með 12%, verknám er á 5 brautum og þar eru 20% af nemendum. Starfsbraut fatlaða er með 7 nemendur.

**Framkvæmd markmiða:** Á árinu hefur verið markvist unnið að auknu vægi nemenda í breytingavinnu og ákvarðanatöku um ýmis mál. Markmið um innleiðingu opins hugbúnaðar var að mestu uppfyllt í árslok. Ekki tókst að halda rekstrarkostnaði innan áætlunar

**Umbótabættir eftir sjálfsmat:** Huga þarf að brottfalli, sérstaklega í verknámi. Klára þarf að yfirfara skólanámsskrá, en lítið er eftir.

**Úttektir:** Skýrsla um úttekt á starfsbraut fatlaða kom út á árinu.

**Afkoma, rekstrarstaða:** Halli á rekstri skólans var 9,3 milljónir, tæplega 4% af rekstrarkostnaði.

**Brottfall:** Reiknað út frá áfangalistum er meðalbrottfall 10,5% (Vor 9,4%, haust 11,6%).

**Stjórnun:** Skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri (samt. 3,29 stg).

**Samvinna við aðra:** Samstarfsskólar okkar eru MÍ, FNV og VA. Á heimaslöðum eru það helst íþróttabandalag Vestm. vegna íþróttakademíu og Nýsköpunarmiðstöð vegna FabLab stofu.

**Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:** Aðaláherslur snúast um að þjóna nemendum í Eyjum eins vel og hægt er. Fjölbreytt námsframboð er aðalatriði í þeirri viðleytni.

## 2. Nemendur.

Fjöldi nemenda sem skráðu sig í skólann, voru í upphafi vorannar 244, en í upphafi haustannar 281. Þegar búið var að hreinsa út þá nemendur sem aldrei komu eða hættu mjög fljótlega voru nemendur 240 á vorönn (lítill breyting) og 265 á haustönn (talsverð afföll). Í lok vorannar tóku 227 nemendur próf, en á haustönn tóku 243 próf. Eftir að líður á kennslutíman hætta alltaf einhverjir af ýmsum ástæðum, fleiri þó á haustönn, eða 22 (8,3%) samanborið við 13 (5,4%) á vorönninni. Það er ekki nýtt að margir hætti við nám á haustinn, nemendur innrita sig á vorin fullir af bjartsýni og góðum fyrirætlunum, en breyttar aðstæður að hausti kalla oft á nýjar ákvarðanir. Nú er orðið árvisst hér í Eyjum að mikil uppgrip í vinnu eru allt sumarið og langt fram á haustið, þannig að margir sem við áttum von á í skólann frestuðu skólagöngu vegna góðra tekna sem í boði voru. Einnig tókum við eftir því að þeir nemendur sem hættu í skólanum þegar nálgaðist próf voru fleiri en venjulega. Útkoman úr prófum var hinsvegar mun betri en áður, færri féllu og þannig skiliðu nemendur að meðaltali fleiri stöðnum einingum hver. Vandinn er bara sá, að þá fær skólinn ekkert fyrir þá nemendur sem gefast upp á endasprettinum, semsagt færri krónur í reksturinn og í lítilli rekstrareiningu munar mikið um hvern ársnema. Reiknaðir ársnemar voru 214, sem er talsvert minna en upp var lagt með og áætlanir gerðu ráð fyrir.

Langflestir nemendur FÍV eru á hefðbundnum framhaldskólaaldri 16 - 19/20 ára, eða tæplega 80%, nemendur 21 – 24 ára eru 12 -15% og eldri eru 5-8%, t.d. eru 10 nemendur á sextugsaldri. Heimasvæðið er auðvitað Vestmannaeyjar og þaðan koma tæp 94% nemenda, af höfuðborgarsvæðinu koma 4,4% og örfáir úr “dreifbýlinu”.

Fundir og viðburðir sem snúa að nemendum:

- 26.feb – 5. mars: Fóru 2 kennrarar og 10 nemendur til Lettlands. Nordplus verkefni.
- 29.feb – 2. mars: Skapandi dagar, með fjölbreyttum verkefnum og vel heppnaðri árshátíð.
- 19. mars: Árlegur kynningarfundur fyrir væntanlega nýnema haustannar og foreldra þeirra.
- 17. apríl: Skólaufundur, allir starfsmenn og allir nemendur ásamt gestum (frá foreldrum og landlæknii), fjallað var um heilsu og mataræði. Stuttir fyrirlestrar og mjög góð hópavinnna.
- 6. sept: Gönguferð yfir Fimmvörðuháls, 25 nemendur, tveir kennrarar og fararstjóri.
- 17. sept: Ástráður, félag læknanema kom með kynfræðslu fyrir 1. árs nemendur.
- 31. okt: Skólaufundur, forvarnardagur. Allir fengu fræðslu og unnu í hópavinnu. Nemendur á 1. og 2. ári fengu vímuvarna fræðslu, en eldri nemendur unnu með eineltismálin.
- 13. – 14. nóv: Nemendur kepptu í “olíuverkefninu” (Oil-Sim) 4. árið í röð á netinu. Fjögur lið frá FÍV voru í íslensku keppninni og eitt þeirra vann 1. verðlaun, ferð til London í jan 2013.
- Í lok vorannar 2012 var svonefnt skólamat lagt fyrir nemendur, þar sem spurt er um flesta þætti skólastarfsins, nám, kennslu, aðstöðu, starfsfólk ofl. Yfirleitt eru svör nemenda að staðfesta ánægju með skólastarfið. Áfangamat var lagt fyrir í nóvember í öllum áföngum og nýta kennrarar það til að bæta kennsluna, ásamt því að það er rætt í starfsmannaviðtölum.

Niðurstöður skólamats eru notaðar í sjálfsmati skólans og sjálfsmatsskýrsla skólans 2012 kemur út á sama tíma og ársskýrslan. Báðar skýrslurnar eru komnar á heimasíðu skólans.

### **3. Námið.**

Skólinn rekur bæði verknámsbrautir og bóknámsbrautir, auk starfsbrautar. Boðið er uppá 18 námsbrautir, en á árinu 2012 voru nemendur skráðir á 14 mismunandi brautir. Skipting nemenda á brautir er svipuð og undanfarin ár, félagsfræði- og náttúrufræðibraut eru með flesta nemendur, samtals rúmlega 60% nemenda, almenn braut er með uppb 12% og verknámsbrautir tæplega 20% (sjá nánar kafla 7, talnaefni). Nemendur í verknámi og á almennu brautinni eru því miður líklegri til að hækta námi í upphafi annar og fara að vinna. Auk hefðbundna námsbrauta er skólinn með námstilboð þvert á brautir, aðallega í íþróttum og listum. Skólinn rekur íþróttaaakademíu í samstarfi við ÍBV-íþróttafélag og skólinn rekur listaakademíu, sem er einskonar “hattur” yfir listatengt nám sem í boði er, ýmist áfangar sem standa alla önnina, eða styttri námskeið sem gefa einingar.

Á árinu 2012 voru 40 nemendur útskrifaðir frá skólanum, 34 með stúdentspróf af fjórum brautum, 2 sjúkraliðar, 3 vélstjórar með B-réttindi og 1 með A-réttindi. Á árinu var áfram unnið að nýrri námsbraut, framhaldsskólabraut sem lýkur með framhaldsskólaprófi og stefnt er að hún verði í boði haustið 2013.

### **4. Kennsla og stjórnun.**

Á árinu 2012 voru að jafnaði 39 starfsmenn í 30,5 stöðugildum. Í kennslu, stjórnun og námsráðgjöf voru 27 (16 karlar og 11 konur) og í öðrum störfum voru 12 (1 karl og 11 konur). Dagleg stjórnun skólans er í höndum skólameistara og tveggja aðstoðarstjórnenda, það eru aðstoðarskólameistari og áfangastjóri með 77% stjórnunarhlutfall hvor.

Námsráðgjafi er í 60% starfi, fjármálastjóri er í 75% starfi og kerfisstjóri er í hálfu starfi, á móti kennslu. Skrifstofustjóri, bókavörður og umsjónarmaður húseigna eru í fullu starfi og hafa þau talsverða ábyrgð á sínu sviði. Undanfarin ár hefur dregið mjög úr breytingum á starfsmannahópnum, fáir nýjir ráðnir og líklega hafa eldri starfsmenn frestað starfslokum vegna kreppunnar í landinu síðustu ár. Margir eru komnir með langan starfsaldur og 69% starfsmanna eru 50 ára eða eldri, en þeir sem eru 60 ára eða eldri eru 41%. Af þeim 24 einstaklingum sem fást við kennslu í fullu starfi, hlutastarfi eða með öðrum störfum, eru 20 með kennsluréttindi. Af þeim fjórum kennurum sem ekki hafa réttindi eru tveir sem eru nánast að klára réttindanámið og og tveir eru í hlutastöðum í sérgreinum sem eru ekki í boði á hverri önn.

Á haustönn 2011 voru fyrstu skrefinn stigin í því að innleiða opin hugbúnað, sem er um leið ókeypis. Þetta hefur gengið ágætlega á árinu 2012, en auðvitað koma upp smá mál í svona breytingum, flest vandamál eru leyst og stefnt er á, að þessu verði lokið vorið 2013.

Fyrir tveimur og hálfu ári var ákveðið að halda skólaufundi tvisvar á vetrí og um leið að virkja nemendur í breytingavinnu með okkur. Aðferðin sem við höfum notað, er þannig að á fyrri skólaufundi vetrarins er kynnt málefni sem við viljum breyta og bæta og á þann fund mæta allir starfsmenn, stjórn nemendafélagsins og fulltrúar foreldrafélagsins, ásamt sérfræðingi um viðkomandi málefni ef þarf. Fundurinn ræðir þetta mál og leggur línur fyrir hóp sem á að undirbúa annan fund (á vorönn). Seinni skólaufundurinn er svo stærri, þar mæta allir starfsmenn, allir nemendur, foreldrafulltrúar og gestir úr nærsamfélagini sem tengjast málinu. Þáttakendum er svo skipt í hópa og málin rædd í þaula. Hóparnir kynna síðan niðurstöður sínar og hugmyndir að breytingum. Breytingin sem stefnt er að, þarf að taka lit af hugmyndum nemenda og þá gengur hún vel, það er okkar reynsla. Við erum viss um að breytingar ganga mikið betur þegar nemendur eigna sér ákvörðunina og taka því fulla ábyrgð á henni.

## **5. Rekstur og fjármál.**

Rekstur skólans hefur verið erfiður undanfarin ár og horfa þarf í hverja krónu, eins og hjá öðrum ríkisstofnum. Launaliðurinn er langstærstur og er hækkandi hlutfall af heildarrekstrarkostnaði. Rekstur skólans á árinu 2012 fór 9,3 milljónum framúr rekstraráætlun. Ástæðurnar eru nokkrar:

1. Stöðugur niðurskurður frá 2009 er farinn að þrengja að skólastarfinu á öllum sviðum og í öllum skólum. Fyrstu árin skárum við niður rekstrarútgjöld sem voru í okkar höndum og fjölguðum í nemendahópum, en það var ekki gerlegt að gera meira á því sviði á árinu 2012.
2. Eignakaup voru nánast engin árin 2009 til 2011, en á þessu ári höfum við neyðst til að kaupa nokkrar tölvur í stað þeirra sem gáfust upp. Einnig nýja stóla í samkomusal skólans.
3. Laun eru orðin 80% af útgjöldum (85% af fjárheimildum ársins) og húsnaðiskostnaður rúmlega 13%. Þetta eru útgjöld sem við ráðum lítið um. Nú verður ekki skorið meira niður nema að það komi niður á námsframboði eða völdum áföngum og það eru slæmir kostir.
4. Einnig spilar inní þetta, að á árinu 2011 var okkur lofað að miðað yrði við 240 ársnema þegar fjárfamlag fyrir 2012 yrði ákveðið. Það gekk ekki eftir þegar árið var gert upp. Þar munar nærrí 3 milljónum.
5. Sértekjur skólans minnkuðu á árinu miðað við tvö næstu árin áður og um leið hækkuðu áætlaðar tekjur í fjárlögum. Á árinu 2013 eru horfur mjög dökkar ef ekki fæst hækkun á rekstrarfé, fjárheimild á árinu 2012 var 218 milljónir (þar af 8 milljónir frá fyrri árum) og samt vantaði 9,3 milljónir. Á árinu 2013 er fjárheimildin 211 milljónir, sem allir sjá að dugar ekki. Það er erfitt að búa við það ár eftir ár að geta ekki gert raunhæfa fjárhagsáætlun, vegna þess að fjárheimildir eru ekki nálægt raunveruleikanum. Rekstur ársins 2012 kostaði í heild 235 milljónir.

## 6. Samstarf ofl.

Skólinn átti gott samstarf við marga á árinu. FÍV og samstarfsskólar okkar MÍ, FNV og VA unnu að gerð framhaldskólabrautar, sem er aðallega ætluð þeim sem illa gengur í hefð-bundnu námi. Þetta verk er langt komið og vonandi prufukeyrum við þessa braut á árinu 2013. Við höfum einnig haft samstarf við Tækni-skólan vegna vélstjórnarnámsins. Skólinn er aðili að menntahópi íslenska sjávarklasans, þar sem verið að gera athyglisverða tilraun til að tengja saman skóla og fyrirtæki sem tengjast hafinu á einhvern hátt. Framhaldsskólinn og Íþróttabandalag Vestmannaeyja standa saman að íþróttakaademíu, sem er vinsæl hjá nemendum og er mikilvæg í agauppeldi. Skólinn er tengdur Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, ásamt Þekkingarsetri Vestmannaeyja, sem tengir saman ýmsar rannsóknarstofnanir og aðrar stofnanir í Eyjum. Nýsköpunarmiðstöð Íslands í Vestmannaeyjum rekur FabLab setur og á gott samstarf við skólann, sem notar þessa aðstöðu töluvert til kennslu. Grunnskólinn í Eyjum skilar nær öllum nemendum sínum til FÍV og eðlilega vinna þessir skólar saman að velferð og gæðum náms í sameiningu. Auk þess nýta þeir aðstöðu skólanna saman, Framhaldsskólinn fær aðgang að góðu og vel búnu kennslueldhúsi fyrir starfsbrautina og námskeið, en Grunnskólinn fær aðgang að málsmíðasal og kennara í málmi og suðu, fyrir valgreinar í efri bekkjum. Rétt er einnig að halda því til haga, að skólinn á einnig mjög gott samstarf við mörg fyrirtæki og stofnanir í Vestmannaeyjum.

1. mars 2013

Ólafur H. Sigurjónsson.

## 7. Talnaefni.

<b>Skipting nemenda eftir brautum</b>							
<b>Braut</b>	<b>Heiti brautar</b>	<b>Fjöldi vor 2010</b>	<b>Fjöldi haust 2010</b>	<b>Fjöldi vor 2011</b>	<b>Fjöldi haust 2011</b>	<b>Fjöldi vor 2012</b>	<b>Fjöldi haust 2012</b>
AN	Almenn námsbraut	39	13	11	10	3	6
AN-bók	Almenn námsbraut- bóknámslína	15	19	19	20	13	17
AN-íþr	Almenn námsbraut - íþróttalína		8	8	7	7	4
AN-ver	Almenn námsbraut- verknámslína	6	5	3	9	7	4
FÉ	Félagsfræðibraut	92	99	90	89	82	84
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina						1
GR06	Grunnnám rafiðna	9	8	8	12	16	12
HÚ9	HÚSASMÍÐI,samningsb. iðnnám	11	1				
MB	Málabraut	3	3	3	1	3	3
MG	Grunnnám í málm- og veltækni	3	2	6	3	4	3
NÁ	Náttúrufræðibraut	55	74	63	74	66	82
ÓTN	Ótilgreint nám	1	1	2			6
SJ	Sjúkraliðabraut	14	14	13	10	11	11
SK1	Skipstjórnarbraut SB, 45 metra skip	7	4			1	
STB	Starfsbraut	4	7	4	4	6	6
VSS	Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	2	4	3	2	0	2
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	4	5	5	2	4	7
VI	Viðskiptabraut	1	1	1			
VV2/1	Vélstjórnarbraut 2. stig/1. stig	4/4	3	1	1		
VA	Vélstjórnarnám A réttindi	2	3	2	1	1	3
VB	Vélstjórnarbraut B réttindi	14	27	24	13	16	14
	<b>Samtals</b>	<b>290</b>	<b>301</b>	<b>266</b>	<b>258</b>	<b>240</b>	<b>265</b>

<b>Hlutfallsleg skipting nema eftir námsstöðu</b>						
<b>Fjöldi lokinna eininga</b>	<b>Vor 2010</b>	<b>Haust 2010</b>	<b>Vor 2011</b>	<b>Haust 2011</b>	<b>Vor 2012</b>	<b>Haust 2012</b>
0-20	35,5%	43,9%	29,7%	28,3%	10,7%	24,9%
21-40	19,2%	15,3%	18,4%	17,8%	21,7%	15,3%
41-60	14,3%	14,6%	14,7%	15,1%	16,4%	15,7%
61-80	10,8%	9,6%	14,7%	15,5%	12,7%	9,6%
81-100	8,7%	6,3%	9,0%	9,3%	14,3%	11,7%
101-120	5,2%	6,0%	7,9%	7,8%	9,0%	9,6%
121-140	5,6%	4,0%	4,9%	5,4%	8,6%	8,9%
141-	0,7%	0,3%	0,8%	0,8%	6,6%	4,3%

<b>Hlutfallsleg skipting nema eftir búsetu</b>		
	<b>Vor 2012</b>	<b>Haust 2012</b>
Akureyri	0,4%	0,0%
Borgarfjörður	0,0%	0,4%
Hafnarfjörður	0,8%	0,7%
Hvolfvöllur	0,4%	0,7%
Höfn í Hornafirði	0,4%	0,0%
Kópavogur	0,4%	0,0%
Reyðarfjörður	0,4%	0,0%
Reykjavík	3,2%	3,2%
Reykjanesbær	0,4%	0,7%
Selfoss	0,4%	0,4%
Vestmannaeyjar	93,2%	93,6%

<b>Hlutfallsleg skipting nema eftir árgögum</b>		
<b>Árgangur</b>	<b>Vor 2012</b>	<b>Haust 2012</b>
1957		0,4%
1958	0,4%	
1960	0,8%	
1961	0,8%	0,4%
1962	0,4%	0,4%
1963		0,4%
1965	0,4%	
1966	1,6%	0,7%
1968		0,4%
1969	0,4%	
1970	0,8%	0,4%
1973		0,4%
1974	0,4%	0,4%
1975	0,8%	0,7%
1979		0,4%
1980		0,4%
1981	0,4%	0,7%
1982		0,4%
1984	0,4%	
1985		0,7%
1986	0,4%	0,7%
1987	0,8%	1,4%
1988	0,8%	0,7%
1989	2,0%	1,1%

1990	5,2%	3,2%
1991	4,4%	3,9%
1992	13,7%	7,8%
1993	22,6%	16,4%
1994	23,4%	20,3%
1995	19,0%	14,9%
1996		22,8%

#### Hlutfallsleg skipting nemenda eftir kyni

	Vor 2012	Haust 2012
KK	55,0%	51,6%
KVK	45,0%	48,4%

Fjöldi útskriftanema eftir kyni	KVK	KK
<b>Vor 2010</b>	15	11 <sup>1</sup>
<b>Haust 2010</b>	11	3
<b>Vor 2011</b>	10	9
<b>Haust 2011</b>	11	9
<b>Vor 2012</b>	8	15
<b>Haust 2012</b>	10	7

<sup>1</sup> Einn útskrifaðist af tveimur brautum

Fjöldi útskriftanema eftir brautum	FÉ	MB	NÁ	VH	SJ	STB	VB	HÚ9	VA	VB	GR06	VV2	Samtals
<b>Vor 2010</b>	7		7				2	8				1	25
<b>Haust 2010</b>	6		7						1				14
<b>Vor 2011</b>	6		5	1	1	1	1			3		1	19
<b>Haust 2011</b>	6		7	1			1				3		20
<b>Vor 2012</b>	11		7		1				1	3			23
<b>Haust 2012</b>	4	1	10	1	1								17

	Kenndir tímar	Kenndir tímar í sérdeild m. álagi	Samtals tímar	Meðalfjöldi nemenda í hóp <sup>2</sup> Allir hópar	Meðalfjöldi í hóp <sup>3</sup> eingöngu bóknám
<b>Haust 2009</b>	455,5	35,5	491	17,3	22
<b>Haust 2010</b>	463	38,5	501,5	18,2	20,4
<b>Haust 2011</b>	433	38,5	471,5	19,2	21,9
<b>Haust 2012</b>	457,5	40,0	497,5	16,3	18,6

<sup>2</sup> Hópar í sérdeild eru ekki taldir með

<sup>3</sup> Hópar í sérdeild eru ekki taldir með

<b>Fjöldi nemenda í hóp<sup>4</sup></b> <b>Bóknám og verknám</b>	<b>Fjöldi hópa 2010</b>	<b>Fjöldi hópa 2011</b>	<b>Fjöldi hópa 2012</b>
5-10	15	17	27
11-15	13	10	14
16-20	13	12	19
21-25	18	23	18
26-30	14	11	17
30-	1	0	1
<b>Samtals:</b>	<b>69</b>	<b>70</b>	<b>81</b>

---

<sup>4</sup> Á haustönn